

## Samþykktir fyrir Fríhöfnina ehf.

### 1. gr. Nafn félagsins

Félagið er einkahlutafélag og er nafn þess Fríhöfnin ehf. Erlent hjáheiti félagsins er Duty Free Iceland.

### 2. gr. Heimilisfesti

Heimilisfang félagsins er Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurlflugvelli.

### 3. gr. Tilgangur

Tilgangur félagsins er að reka verslun með tollfrjálsan varning í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og aðra skylda starfsemi og annast þann rekstur sem dótturfélag Isavia ohf.

### 4. gr. Hlutfé

Félagið er dótturfélag Isavia ohf. og 100% í eigu þess. Hlutfé félagsins er kr. 50.000.000 –krónur *fimmtíumilljónir*. Hver hlutur er að fjárhæð ein króna eða það margfeldi af einni krónu sem hver hluthafi á í félaginu. Hverjum hlut í félaginu fylgir eitt atkvæði. Hömlur eru á viðskiptum með hlutfé félagsins.

### 5. gr. Breyting á hlutfé

Heimilt er að hækka hlutfé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár. Sala hlutafjár í félaginu, og önnur ráðstöfun þess er óheimil.

### 6. gr. Hlutaskrá

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum.

### 7. gr. Óheimil meðferð hluta

Óheimilt er að veðsetja eða gefa hluti í félaginu. Félagið má eigi veita lán út á hluti í félaginu. Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar yfir þá hluti sem félagið á sjálft.

### 8. gr. Takmörkun ábyrgðar

Hluthafi ber ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

NMB  
VH

### 9. gr. Hluthafafundur

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda.

### 10. gr. Aðalfundur

Aðalfundur skal halda fyrir lok júní ár hvert.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan fjórtán daga. Ef stjórnin sinnir ekki boðun fundar eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina stjórnvalda samkvæmt lögum um einkahlutafélög. Meðan hluthafi er einn þarf ekki að halda aðalfund, heldur skal hluthafi taka viðeigandi ákvarðanir og skrá þær í gerðabók. Þá tekur hann afstöðu til mála, sem almennt er fjallað um á aukafundum og skráir ákvarðanir í gerðabók.

### 11. gr. Boðun funda

Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með tilkynningu til hluthafa með rafrænum hætti eða annan sannanlegan hátt. Aðalfundur skal boða með minnst viku en mest fjögurra vikna fyrirvara en aukafundur með sama fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður.

### 12. gr. Breytingar á samþykktum

Eitt atkvæði er fyrir hvern einnar krónu hlut.

Hluthafi getur með skriflegu umboði veitt umboðsmanni heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum.

Samþykki allra hluthafa þar til þess að ákvarðanir um eftirtaldar breytingar á samþykktum þessum verði gildar:

1. Að skerða rétt hluthafa til arðgreiðslu eða annarrar úthlutunar úr hendi félagsins, öðrum en hluthöfum til hagsbóta.
2. Að auka skuldbindingar hluthafa gagnvart félaginu.
3. Að takmarka heimildir manna til meðferðar á hlutum sínum eftir ákvæðum 14. og 15. gr. laga um einkahlutafélög.
4. Að skylda hluthafa til að þola lausn á hlutum sínum án þess að um slit félagsins sé að ræða.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.

CSA  
NMG  
NH

### 13. gr. Dagskrá aðalfundar

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skal lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðanda félagsins til samþykktar.
3. Kjör stjórnarformanns og meðstjórnenda.
4. Kjör endurskoðanda.
5. Að tillögu stjórnar skal tekin ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
6. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðanda fyrir störf þeirra á starfsárinu.
7. Starfskjarastefna lögð fram til samþykktar.
8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

### 14. gr. Fundargerðarbók

Fundargerðarbók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

### 15. gr. Stjórn félagsins

Stjórn félagsins skal skipuð 3 – 5 mönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila. Stjórn og stjórnendum ber að fara að eigendastefnu móðurfélagsins gagnvart dótturfélögum. Undirskrift meirihluta stjórnarmanna skuldbindur félagið. Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Halda skal fundargerð um stjórnarfund.

### 16. gr. Skipting starfa

Stjórn skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið.

### 17. gr. Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í málum sem varða daglegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórn og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þessir aðilar kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

AMG  
24

*18. gr. Endurskoðandi*

Á aðalfundi félagsins skal kjósa félaginu endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til eins árs í senn. Það skal endurskoða reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

*19. gr. Starfsár*

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt fyrir endurskoðanda fyrir aðalfund.

*20. gr. Arðsúthlutun og varasjóðir*

Aðalfundur tekur ákvörðun um úthlutun arðs og greiðslur í varasjóð að fenginni tillögu stjórnar um ráðstöfun ágóðans.

Óheimilt er að ákveða á aðalfundi meiri úthlutun arðs en stjórn félagsins leggur til eða samþykkir. Arðgreiðslur skulu inntar af hendi eigi síðar en í desember frá samþykkt úthlutunar.

*21. gr. Breytingar á samþykktum*

Samþykktum þessum má breyta á lögsmætum aðalfundi eða aukafundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutfé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum

*22. gr. Félagsslit*


Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutfé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

*23. gr. Önnur ákvæði*

Þar sem ákvæði samþykta þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um einkahlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Þannig samþykkt á aðalfundi 18. mars 2022.

Í stjórn Friðhafnarinnar ehf.

  
Nanna Magnúsdóttir

  
Elin Árnadóttir